

FIMM SYSTUR OG PRÍR MENN DANSA Á HAUSTVÖKU

Frá því leikritið „Dansað á haustvöku“ var fyrst sýnt í Dublin árið 1990 hefur það hlotið margföld verðlaun sem besta nýja leikritið beggja vegna Atlantshafsins. Það verður frumsýnt á Íslandi í kvöld, fimmtudagskvöld, á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu og er leikstjóri Guðjón Pedersen, sem leikstýrir einnig Stræti sem sýnt hefur verið við miklar vinsældir í Smíðaverkstæðinu í vetur. Guðjón leikstýrði einnig Rómé og Júlíu á stóra sviðinu á síðasta leikári.

Leikritið þykir mjög vel skrifað af Írlandi Brian Friel og hefur honum stundum verið líkt við Tsjekov. Leikritið ber uppruna höfundar augljós merki. Það gerist á Írlandi árið 1936 og fjallar um fátækt og strit fimm systra. Ein systirna eignast dreng í lausaleik með hjartaknúðara frá Wales, en það er einmitt í gegnum hugarheim snáðans sem leikurinn fer fram. Í kjölfar komu bróður systrana verður mikil röskun á högum þeirra. Einkenni-legir hlutir gerast; systurnar einangrast og verða smátt og smátt fordómum þorpsbúa að bráð.



Stórelleiknonnar Anna Kristín Arngrímsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Tinna Gunnlaugsdóttir fara með hlutverk írsku systanna fimm. Karlleikararnir í verkinu eru þeir Erlingur Gíslason, Kristján Frján Magnús og Sigurður Skúlason.

Plógför

GUÐRÚN EINARSDÓTTIR
OG NORRÆN SAMSTYNING
Á KJARVALSTÖÐUM



Í austursal Kjarvalsstaða eru málverk eftir Guðrúnu Einarsdóttur, stórir hvítir feringar. Þegar hvítu liturinn er notaður einn þá fær hann hina nafnlausu ásjónu litleysis. Það sama má segja um svartan. Hvítur og svartur eru takmörk líta. Enda eru þessi málverk ekki um liti heldur áþreifanlegt lítefnið sem hylur flötinn, efnismassa með fyrirferð og yfirborð. Athygli okkar beinist að meðferð lítefnisins og hvernig listamaðurinn mótar efnid á fletinum. Hvítum alkryllitnum er blandað saman við pastu og gel til að fá þykkni sem svipar til gífs. Enda er efnismeðferðin ekki síður skulptúrísk. Lítefnið er strokið, smurt, skaðið með ýmsum áhöldum til að fá fram ólíka áferð. Með þennan sparsama efnivíð leitar Guðrún eftir formrænum möguleikum til að blása lífi í flötinn. Lýsingin hjálpar til með því að lífga upp á áferðina og skapa óróa í þeim myndum þar sem notuð er tenn skafa. Það truflar þó hversu ójörn lýsingin er, hvort sem það er gert af ráðnum hug eða ekki, samféldari birta væri betri.

Það má líta á hverja mynd fyrir sig sem útfærslu á aðferð við að strjúka litnum eftir yfirborðinu og yfirleitt er hún felld inn í ferhyrnt form hlutarins. Möguleikarnir eru ekki óvæntir, en það er líka erfitt að sjá hvernig hægt er að finna nýja möguleika síðan Bauhaus-skólinn gerði formfræði að sérstöku viðfangsefni í myndlist og menn hafa áratugum saman velt fyrir sér tilbrigðum einfaldra forma og útfærslu þeirra í ólík efni. Ad því leyti sem verkin endurverkja slík viðfangsefni innan myndlistar eru þau nokkuð á skjön við viðhorf í málalagist í dag, sem eru ekki sérstaklega hliðholl hreinum formstúðum. Ekkert er fyrirfram ómögulegt í myndlist og það er hugsanlegt að einhvers staðar leynist lífvænlegir möguleikar sem geta brotist úr viðjum endurtekningsinnar, en ég er ekki sannfærður um að Guðrún hafi enn gert þann möguleika að



Arni Björnsson til
vinstri og paprikan
á þremur frökkum
til hægri.

Arni Björnsson í eldhúsinu á 3 frökkum

Þeim brá heldur en ekki í brún kokkunum á þremur frökkum þegar þeir opnuðu paprikukassann sinn um daginn. Í svip fannst þeim sem Arni Björnsson þjóðháttafæðingur horfði á móti þeim úr kassanum. Við nánari athugun kom þó í ljós að þarna var Arni ekki á ferð heldur tvífari hans úr jurtaríkinu. Eins og sjá má á myndunum tveimur er paprikan ótrúlega lík Arna, sérstaklega eftir að kokkarnir hafa skorið í hana augu og gefið henni augastein úr sultutau.

Svipurinn með paprikunni og Arna gefur aftur tilefni til að velja því fyrir sér hvort Arni eigi líka tvífara í steinaríkinu. Ef einhver hefur rekist á hann getur sá hinn sami haft samband við ritstjórn PRESSUNNAR. Slíkur fundur gæti orðið undirstaða kenningar um þrískipta tilveru okkar allra; í dýra-, steina- og jurtaríkinu. Og ef sú er raunin munum við í framtíðinni sjálfsgagt skera paprikurnar okkar af meiri virðingu.

BARIR

Áfengi virðist eiga djúpan hljómgrunn með Íslendingum. Ad minnsta kosti ef lítið er á áhuga þann sem Íslendingar sýna áfengi. Hér áður fyrr, þegar íslenska krónan var gengisfelld á hverju fullu tungli, lánuðu menn hver öðrum á brennivinsgengi af því menn vissu sem var að ÁTVR fylgdi raungengisstefnu. Þjóðsögur um áfengisneyslu eru á hverju strái og þau skáld hafa alltaf þótt best, sem áköfust drukku sig í hel. Yfir hinum drekkandi stéttum hefur alltaf verið ákveðin dulúð og ævintýraljómi.

Á móti kemur að skömmu fyrir aldamót fengu Íslendingar enn eina ómurlega sendinguna frá Skandinavíu: Bindindishreyfinguna. Áður en nokkur vissi af var stúkuhugsunarhátturinn farinn að þjaka þjóðlíf allt. Látum tímabundið áfengisbann og annað slíkt liggja milli hluta. Það sem var verst var hvernig þessi sérkennilega hugsjón náði að menga þjóðarsálina. Í hverju byggðarlagi voru sett á laggimar áfengisvarnarráð (vitaskuld skipuð bindindisfólki) til að skipta sér af neyslu annarra. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins — hvíllik hugmynd! — var upplagt að haga verölagningu þannig að menn (aðrir en efnamenn) hugsuðu sig tvísvar um áður en þeir keyptu sér flösku. Minnugir þess að allur er varinn góður fyrirskipuðu valdherrarnir svo að miðarnir á framleiðslu ÁTVR skyldu vera beinlínis fráhrindandi.

Allt þetta lét þjóðin sér lynda. Til hvers var öll sjálfstæðisbaráttan ef þrælslundin var slík að þjóðin lét endalastaðra um að hafa vit fyrir sér? Eins og bindindismenn viti eitthvað um áfengi. Nei þá vildi ég frekar sitja í 50 ár undir vinsmökkunum Sigmaris B. Haukssonar en í eina viku undir ráðleggingum Halldórs frá Kirkjubóli.

Síðasta hálmstráðið fauk þegar áfengisauðgýsingar voru bannaðar þrátt fyrir skýr ákvæði stjórnarskrár um að hömlur á prentfrelsi mætti aldrei í lög leiða. Bannið var vitaskuld sett í nafni hollustu, en fyrst fordæmið er komið er þá nokkuð sem mælir gegn því að næst verði bannað að auglýsa franskar kartöflur og bíómyndir, sem bannaðar eru innan tólf? Og þá styttest í að bannaðar verði hættulegar hugmyndir eins og textar þungarokks- hljómsveita og stefnuskrá Framsóknarflokksins. Rolf Johansen á ekki að hafa minna frelsi til að kynna áfengistegundir sínar en Benedikt Davíðsson til að láta í ljós þær skoðanir



sínar að fjármagna eigi velferð með erlendum lántökum. (Deilli menn svo um hvort sé hættulegra.)

Ísland mun aldrei komast úr flokki bananalýðvelda fyrr en Íslendingar hætta að skipta neysluvöru í tvo flokka: áfengi og tóbak annars vegar og alla aðra vörur hins vegar. Kannski er ekki öll von úti því Frikki Sóf er búinn að gefa til kynna að breytinga sé að vænta og einkasala ÁTVR sé ekkert náttúrlögmál. En hver eru viðbrögðin hjá Höskuldi í Ríkinu? Eftir áratugalangt sovétfyrirkomulag í áfengissölu er allt í einu drifíð í því að koma á sjálfsafgreiðslu í öllum áfengisútsöllum og hundruðum milljóna varið í að innréttu útsölurnar upp á nýtt, eins og Höski stærir sig af í nýjasta hefti Arkitektúrs og skipulags. Þarna er Höskuldur að nota einokunargróðann til að tryggja sjálfan sig gegn breytingum. Nú getur hann bent á alla fjárfestinguna og grátið um að hún verði til einskis ef einkasalan verði afnumin. Verði hún nú samt afnumin er hann búinn að fjárfesta áratugi fram í tímann og hefur þannig gífurlega trausta samkeppnisstöðu. Fari allt á versta veg (fyrir Höska) fer hann bara á eftirlaun og er búinn að sólunda almannafé án þess að bera nokkra ábyrgð. Eins og Vimmi sagði: Löglegt en síðlaust.

„Ekkert er fyrirfram ómögulegt í myndlist og það er hugsanlegt að einhvers staðar leynist lífvænlegir möguleikar sem geta brotist úr viðjum endurtekningsinnar, en ég er ekki sannfærður um að Guðrún hafi enn gert þann möguleika að veruleika.“

veruleika.

„Hvað náttúran gefur“ er yfirskrift sýningar sem er sett saman af frumkvæði Norrænu bændasamtakana. Tveir listamenn hafa verið valdir af hverju Norðurlandanna og Íslendingarnir tveir eru Jóhann Eyfells og Gunnar Örn. Söfnuðurinn er sundurleitur og í heild sinni bendir sýningin ekki í neina átt, þannig að það tekst ekki að skapa stemmningu í kringum hana.

Drungaleg skógarsýn Norðmannsins Kjells Nupen gin yfir sýningunni í þremur ábúðarmiklum myndum á einum endaveggnum en tágaukukkur Annette Holdeisen frá Svíþjóð láta sér fátt um finnst og halda hópinn úti á miðju gólfi. Það gefst vonandi betra tækifæri til að kynnst verkum Norðmannsins Bárðar Breivik, en það má vera að verk hans hófði til verklagni bænda. Jóhann Eyfells er sá eini sem nær sambandi við virk náttúru líf með steiptu málmverki sem er stillt upp úti á stétt — en náttúran sjálf ku einmitt vera einhvers staðar utandyra.

Náttúran fyrir okkur bæjar- og bílafólk jafngildir útsýni. Sú list sem gerir náttúruna að viðfangsefni sínu endurspeglar miklu frekar sambandsleysi okkar við hana og hversu fjarlæg hún er orðin lífs-háttum nútímamannsins og hugarfari. Það skiptir engu máli hvað gert er við náttúruna í myndlist, það er ekki hægt að misþjóða neinum. Náttúran er meinlaust viðfangsefni. Bændur hafa sjálfsagt sínar skoðanir um hvað náttúran gefur, en skyldu þeir ekki spyrja sig hvað listin gefur?

Gunnar J. Arnason

1985
STÖRVAÐ
Þú ræður
auðveldlega
við að fjárfesta í
Ráð hugbúnaði
fyrir þitt fyrirtæki.

...og yfir 600 notendur segja að það sé vel þess virði!

RÁÐ FJÁRHAGSBÓKHOLD,
RÁÐ VIÐSKIPTAMANNAKERFI,
RÁÐ SÖLUKERFI, RÁÐ LAGERKERFI
OG RÁÐ LAUNAKERFI

...að auki bjóðum við fjölda sérkerfa t.a.m Búðarkassakerfi, Hótelkerfi, Bílasöluakerfi, Myndbandaleigukerfi ofl.

RÁÐHUGBÚNAÐUR
VÍKURHUGBÚNAÐUR

Bæjarhraun 20. Hafnarfirði Sími: 65 48 70